

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 11/95
frá 24. febrúar 1995**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var síðast breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/95 frá 27. janúar 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn⁽¹⁾.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1468/94 frá 20. júní 1994 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við lið 54b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91) í XII. kafla II. viðauka við samninginn á undan aðlöguninni:

„- 394 R 1468: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1468/94 frá 20. júní 1994 (Stjtið. EB nr. L 159, 28. 6. 1994, bls. 11).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 147, 2. 3. 1995, bls. 29 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 7, 2. 3. 1995, bls. 76.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 159, 28. 6. 1994, bls. 11.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1468/94 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. apríl 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 24. febrúar 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

G.J.L. Avery

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Sucker